

3. nóvember 2020

Ágætu foreldra og forráðamenn

Eins og fram hefur komið hefur heilbrigðisráðherra sett skólastarfi takmarkanir vegna farsóttar sem gilda frá og með 3. – 17. nóvember. Á þetta tímabil falla 10 skóladagar í Sunnulækjarskóla.

Til að mæta þessum kröfum þurfum við að haga störfum með nokkuð öðrum hætti þessa daga en við erum vön.

1. – 4. bekkur

Starfið í 1. – 4. bekk verður með líkum hætti og verið hefur. Nemendur munu þó ekki fara í íþróttir og sund þennan tíma. Nemendur mæta á hefðbundnum tíma kl. 8:10 og eru í skólanum til kl. 13:00. Þeir þurfa ekki að bera grímur og þeim er heimilt að matast í mötuneyti skólans. Við biðjum foreldra um að brýna fyrir börnum í 1., 2. og 4. bekk að ganga inn um austurdyr skólans við Erlurima. Foreldrar eru beðnir um að koma ekki inn í skólahúsið.

5. – 7. bekkur

Hjá 5. - 7. bekk verður skóladagurinn stytur lítillega til að koma til móts við einföldun á skólastarfi og samnýtingu húsnæðis. Þannig munu nemendur í 5. – 7. bekk mæta til skóla kl. 8:10 en ljúka skóladegi **kl. 12:20**.

Nemendur á þessu stigi þurfa að **bera grímur** þegar þeir koma til skóla, á ferðum sínum um skólahúsið og í list- og verkgreinum. Þeir sem ekki mæta með grímur fá grímu við inngang en vegna lágrar birgðastöðu okkar óskum við eftir því að foreldrar sem geta sent börn sín með grímur í skólann geri það.

Nemendur í 5. til 7. bekk geta **ekki** matast í skólanum vegna fjöldatakmarkana en nestistími að morgni verður þó með óbreyttu sniði. Nemendur fara hvorki í íþróttir né sund þennan tíma.

8. – 10. bekkur

Mesta breytingin verður á elsta stigi skólans þar sem nemendur þess munu mæta til skóla **eftir hádegi**. Skóladagur í 8. – 10. bekk hefst **kl. 12:30 og stendur til kl. 15:50**. Með þeim hætti tekst okkur að kenna 25 kennslustundir á viku þrátt fyrir takmarkanir.

Nemendur elsta stigs þurfa að **bera grímur** þegar þeir koma til skóla og á ferðum sínum um skólahúsið. Þeir sem ekki mæta með grímur fá grímu við inngang en vegna lágrar birgðastöðu okkar óskum við eftir því að foreldrar sem geta sent börn sín með grímur í skólann geri það.

Nemendur á elsta stigi þurfa að matast heima áður en þeir koma í skólann en mega hafa með sér nesti og neyta í frímínútum.

Nemendur fara hvorki í íþróttir né sund þennan tíma.

Nemendur í Sérdeild Suðurlands

Sérdeildinni er skipt í þrjú umsjónarteymi þar sem allir starfsmenn bera grímur við störf sín.

Allir nemendur 10 ára og eldri skulu bera grímur ef þess er mögulega kostur.

Umsjónarteymi 1 heldur óbreyttu tímaplani frá 8:10 – 13:30 frá mánudegi til fimmtudags og 8:10 – 13:00 á föstudögum. Nemendur í umsjónarteymi 1 fá hádegismat inn á sitt kennslsvæði.

Umsjónarteymi 2 og 3 mæta kl. 8:10 en ljúka skóladegi kl. 12:00 og geta ekki matast í skólanum vegna fjöldatakmarkana

Nestistími að morgni verður þó með óbreyttu sniði hjá öllum teymum. Nemendur fara hvorki í íþróttir né sund þennan tíma.

Nemendur í umsjón 1 og 2 koma inn um aðaldyr skólans í Fjallasal þar sem starfsmenn taka á móti þeim. Nemendur í umsjónarteymi 3 koma inn um vesturenda skólans í sitt kennslurými við Hóla.

Deildarstjóri Sérdeildar mun tilkynna breytingar á akstur tíma fyrir nemendur sem nýta aksturþjónustu.

Nemendur í blönduðu þjónustuúrræði Sérdeildarinnar og sinna heimaskóla munu ýmist mæta alfarið í heimaskóla eða Sérdeild. Haft verður samband foreldra og tilkynnt um úrfærslu á því sem nær yfir umrætt tímabil.

Skólaakstur

Tímasetningar skólaaksturs í Tjarnarbyggð og Sandvíkurhrepp munu taka mið af breyttum skóladegi nemenda og verða með eftirfarandi hætti:

Fyrsta ferð að morgni verður óbreytt með komutíma í skóla um kl. 8:00.

Viðbótarferð verður með nemendur í 8. – 10. bekk til skóla. Sú ferð hefst kl. 11:40 og verður komin til skóla um 12:20.

Heimferðir verða þrjár og fara frá skóla kl. 12:30 fyrir nemendur á miðstigi, kl. 13:25 vegna nemenda á yngsta stigi og kl. 16:00 vegna nemenda á elsta stigi.

Stundvísi

Nú sem fyrr er mikilvægt að allir séu eins stundvísir og frekast er unnt til að koma í veg fyrir að hópar myndist þar sem nemendur þurfa að bíða. Því er betra að nemendur mæti ekki til skóla fyrr en um það leiti sem kennsla þeirra árgangs hefst.

Inngangar

Best er að nemendur í 1., 2. og 4. bekk gangi um austurdyr en aðrir nemendur um aðaldyr að norðan- eða sunnanverðu í Fjallasal eftir hentugleikum.

Við vonum að okkur takist að láta þetta fyrirkomulag ganga þann tíma sem takmarkanir gilda og bindum vonir við að geta horfið sem fyrst til fyrra fyrirkomulags.

*Með góðum kveðjum,
Stjórnendur Sunnulækjarskóla*